

GJALDSKRÁ

fyrir þjónustu og afgreiðslu byggingarmála í Mýrdalshreppi.

1. gr.

Gildissvið.

Gjaldskráin gildir um meðferð og útgáfu leyfa ásamt þjónustu og eftirliti sem embætti byggingarfulltrúa sinnir í Mýrdalshreppi.

2. gr.

Meginreglur.

Gjaldskráin byggir á þeirri meginreglu að sá aðili sem sækir um byggingarheimild eða byggingarleyfi, og/eða óskar eftir þjónustu eða sætir eftirliti af hálfu byggingarfulltrúa, skuli greiða þann kostnað sem leyfisveiting, þjónusta eða eftirlit hefur í för með sér, sbr. 51. og 53. gr. laga um mannvirki, nr. 160/2010.

Í því felst að umsækjandi greiðir kostnað vegna umsýslu málsins, móttöku þess, yfirferðar aðal- og sérupphráttar, úttekta, útgáfu vottorða og skráningarvinnu sem og nauðsynlegra auglýsinga og kynninga sem afgreiðsla málsins kann að fela í sér. Jafnframt skal umsækjandi greiða fyrir aðra þá þjónustu sem embætti byggingarfulltrúa veitir samkvæmt þessari gjaldskrá.

Gjaldskráin miðast við þann áætlaða tímafjölda sem fer í hvern verkþátt og myndar þannig þau viðmiðunarverð sem birtast í þessari gjaldskrá. Akstur byggingarfulltrúa vegna máls er innifalinn í gjöldum.

Sé tími byggingarfulltrúa verulega umfram áætlaðan tímafjölda og/eða ef kostnaður vegna aðkeyprar vinnu er hærri en áætlað var vegna umfangs verksins, er heimilt að leggja á til viðbótar tímagjald byggingarfulltrúa, sem er 23.000 kr./klst., eða gjald samkvæmt reikningi vegna aðkeyprar vinnu. Heimilt er að gera sérstakan skriflegan samning um kostnað og útfærslu byggingareftirlits í viðameiri framkvæmdum, s.s. fyrir stærri framkvæmdir og sérhæfð mannvirki sem almenningi er ætlað að eiga aðgengi að.

3. gr.

Skilgreiningar.

Afgreiðslugjald:

Gjald, sem greitt er við móttöku umsóknar um byggingarleyfi, byggingarheimild, leyfisveitingar eða önnur erindi tengd byggingarmálum sem fara fyrir afgreiðslufundi byggingarfulltrúa. Afgreiðslugjaldi er ætlað að standa straum af kostnaði við móttöku og yfirferð erindis sem lagt er fram til afgreiðslu hjá embætti byggingarfulltrúa. Greiðsla afgreiðslugjalds er óafturkræf þótt erindi sé synjað eða það dregið til baka ef vinna byggingarfulltrúa hefur átt sér stað og málið tekið fyrir á fundi.

Byggingarleyfisgjald:

Gjald, sem greitt er fyrir útgáfu byggingarleyfis skiptist í afgreiðslugjald og rúmmetragjald. Rúmmetragjaldið reiknast af rúmmetrafjölda byggingar og er ákveðið eftir notkunarflokki mannvirkis.

Innifalið í gjaldinu er ein yfirferð aðal- og sérupphráttar, áritun og stimplun teikninga, útgáfa byggingarheimildar eða byggingarleyfis, lögbundið eftirlit með framkvæmdum, lögbundnar úttektir ásamt skráningu mannvirkis hjá Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

4. gr.

Innheimta gjalda og gjalddagi.

Byggingarfulltrúi skal innheimta gjöld samkvæmt þessari gjaldskrá fyrir hönd sveitarfélagsins.

Gjöld samkvæmt þessari gjaldskrá skal allajafna innheimta saman með einum reikningi við tilkynningu niðurstöðu frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa.

Afgreiðslu- og byggingarleyfisgjöld skulu undantekningarlaust vera að fullu greidd áður en byggingarheimild eða byggingarleyfi tekur gildi.

Gjald vegna stöðuleyfis skal greitt áður en stöðuleyfi er útgefið.

Gjald vegna úttektar og annarrar þjónustu skal greiða samhliða því að verk er unnið.

Önnur þjónustugjöld skulu greiðast samhliða því að verk er unnið.

5. gr.

*Gjald vegna byggingarheimilda og byggingarleyfa.**Afgreiðslugjald:*

Umfangsflokkur 1 (geymslur, bílskúrar, sumarhús o.fl.)	60.000 kr.
Umfangsflokkur 2 (einbýlishús, fjölbýlishús o.fl.)	80.000 kr.
Umfangsflokkur 3 (stór fjölbýlishús, sjúkrahús, skólar o.fl.)	95.000 kr.
Minniháttar breytingar og endurnýjun leyfis	30.000 kr.
Tilkynningarskyldar framkvæmdir, sbr. 2.3.6. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012	38.000 kr.
Niðurrif – vottorð	40.000 kr.

Rúmmetragejald:

Einbýlis- og tvíbýlishús	320 kr./m ³
Þrúbýlis- og fjölbýlishús	300 kr./m ³
Atvinnu-, þjónustu- og stofnanahúsnæði	280 kr./m ³
Landbúnaðarbyggingar	100 kr./m ³
Sumarhús	400 kr./m ³
Önnur hús, stakstæðir bílskúrar, skólar, veitumannvirkir	250 kr./m ³

6. gr.

Úttektir.

Úttekt sem ekki er innifalin í byggingarleyfi (áfangaúttekt/fokheldisvottorð)	40.000 kr.
Endurtekin úttekt á hönnunargögnum – minniháttar athugasemdir	23.000 kr.
Endurtekin úttekt á hönnunargögnum – verulegar athugasemdir	tímagjald
Endurtekin öryggis- eða lokaúttekt	46.000 kr.
Úttekt vegna meistaraskipta	46.000 kr.

Úttekt vegna byggingarstjóráskipta	92.000 kr.
Úttekt vegna rekstrar- eða starfsleyfis (með vottorði)	46.000 kr.
Vottorð vegna rekstar- eða starfsleyfis án úttektar	30.000 kr.

7. gr.

Stöðuleyfi o.fl.

Stöðuleyfi á gámasvæði sveitarfélagsins, 1 stk. 20 feta gámur, til eins árs	30.000 kr.
Stöðuleyfi á gámasvæði sveitarfélagsins, 1 stk. 40 feta gámur, til eins árs	50.000 kr.
Stöðuleyfi annars staðar en á gámasvæði sveitarfélagsins, gámar, bátar o.fl., veitt í allt að 6 mánuði pr. einingu	45.000 kr.
Stöðuleyfi annars staðar en á gámasvæði sveitarfélagsins, gámar, bátar o.fl., veitt til eins árs pr. einingu	70.000 kr.
Stöðuleyfi, söluvagnar, söluskúrar, veitingaskálar og annað með rekstri, veitt í allt að 6 mánuði pr. einingu	60.000 kr.
Stöðuleyfi, söluvagnar, söluskúrar, veitingaskálar og annað með rekstri, veitt til eins árs pr. einingu	120.000 kr.
Flutningsleyfi	23.000 kr.
Leyfisgjald fyrir stök auglýsingaskilti	92.000 kr.
Eignaskiptayfirlýsingar, hver umfjöllun pr. eignarhluta	15.000 kr.
Umsýsla vegna óleyfisframkvæmda	tímagjald

8. gr.

Gjaldtökuheimild og breytingar á fjárhæð gjalda.

Leyfisgjöldum fylgja lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð þar sem við getur átt og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi án undangengins dóms eða réttarsáttar.

Leyfisgjöld eru óafturkræf þó að leyfi falli úr gildi.

Gjöld samkvæmt þessari gjaldskrá miðast við byggingarvísitölu, grunnur 2021, í maí 2026 (128,8 stig) og breytast þau 1. janúar ár hvert til samræmis við breytingar á vísitölunni og gilda þau til loka viðkomandi almanaksárs.

9. gr.

Gildistaka o.fl.

Gjaldskrá þessi, sem sett er með heimild í 51. gr. laga um mannvirki, nr. 160/2010, öðlast gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Með samþykki gjaldskrár þessarar fellur úr gildi núverandi gjaldskrá fyrir þjónustu, leyfisveitingar og afgreiðslu vegna skipulags- og byggingarmála í Mýrdalshreppi, nr. 1095/2020.

Gjaldskrá þessi var samþykkt í sveitarstjórn Mýrdalshrepps 29. júní 2026.

Vík, 4. ágúst 2026.

Einar Freyr Elínarson sveitarstjóri.

B deild - Útgáfudagur: 25. ágúst 2026